



Akranesi 2. nóvember 2016

Akraneskaupstaður
b.t. Valgerðar Janusdóttur, sviðsstjóra
Stíllholt 16 - 18
300 Akranes

Erindi: Tækjakaup fyrir Sundfélag Akraness

Sundfélag Akraness (SA) óskar hér með eftir aðstoð Akraneskaupstaðar til tækjakaupa fyrir sundfélagið.

Umsóknin felst í innkaupum á tveimur pöðsum. „Padsar“ eru, þér til upplýsingar búnaður sem settur er í báða enda sundlaugar þegar sundmót eru og mæla tíma keppenda og er algjörlega nauðsynlegur búnaður ef halda á sundmót í dag. Einn padsi er á hverri braut og því eru 10 padsar notaðir þar sem Jaðarsbakkalaug er fimm brauta laug.

Tveir padsana sem eru í eigu Sundfélagsins eru orðnir það gamlir og lélegir að í fyrsta lagi er orðin slyshætta af þeim þar sem hætta er á að sundmenn skeri sig á brotnum og hvössum brúnum padsana. Í öðru lagi er ekki tryggt að þeir nemi tíma sunnanna en elstu padsarnir eru jafn gamlir lauginni og eru því orðnir mjög slitnir.

Hver padsi kostar kr. 400.000.- Meðfylgjandi er tölvupóstur með tilboði í padsa frá Aquasport í Kópavogi sem hafa umboð fyrir þessa sérhæfðu vöru.

Vanti frekari upplýsingar þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Með von um góðar viðtökur

Trausti Gylfason
Formaður Sundfélags Akraness

Trausti Gylfason

From: Aquasport <aquasport@aquasport.is>
Sent: 3. nóvember 2016 14:10
To: Trausti Gylfason
Subject: EXT: RE: Padsar

Sæll Trausti,
Hér koma verð í padsana:

Við pöntun á þremur pöðsum er verið kr. 380.000,- pr. stk
Við pöntun á einum padsa er verðið kr. 400.000,- pr. stk

Verðin miðast við gengi í dag og afhendingu á vörufluttningamiðstöð í Rvk. Öll ver með VSK.

Bestu kveðjur, Guðmundur

From: Trausti Gylfason [mailto:trausti@nordural.is]
Sent: 2. nóvember 2016 09:10
To: Aquasport
Subject: Padsar

Sæll Guðmundur

Enn erum við að endurnýja búnaðinn hjá okkur í samráði við Hörð, forstöðumann íþróttamannvirkjanna hér á Akranesi.

Mig vantar tilboð hjá þér í padsa. Tveir elstu fóru það illa á AMÍ og Akranesleikunum í sumar að þeir þarfnast endurnýjunar. Viltu því vinsamlega gefa mér tilboð í padsa, pr. stk. og eins í þrjá padsa. Lækkar verðið ef við pöntum þrjá, endurnýjum þessa tvo og höfum einn til vara?

Heyri frá þér.

Bk
Trausti Gylfason
Formaður Sundfélags Akraness
s. 6969549

Disclaimer: <http://www.nordural.is/disclaimer>